

## Guli geislinn og þróun hans

Er ég reit grein mína um geislana og þróun þeirra, fór ég helzt til skammt í lýsingum mínum á áhrifum þeirra. Það er eigi unnt í stuttri grein að gera slíku máli sem þessu full skil og verður alls eigi gert þó að vilji og geta væri tiltækilegt.

Mér hefur verið bent á, að heppilegt myndi að tala meira um gula geislan sérstaklega, en gert var í fyrrnefndu greinarkorni, og vil ég nú reyna að fullnægja þessari bendingu.

Þá verð ég að geta þess, að vitund mín og skilningur er svo takmarkað, að eigi má búast við miklu nýju til viðbótar því, sem áður hefur verið sagt. Eigi að síður gæti hugsast að sum atriðin skýrðust betur en áður, vegna þess að ekki er víst að menn hefðu athugað sambönd þeirra við þessa hlið tilverunnar, sem nú verður gerð að umtalsefni.

Ég held að hyggilegast sé að fara að dæmi Austurlandamanna og byrja uppi, á byrjuninni eða í andanum og fikra sig svo niður eftir stiga tilverunnar unz maður lýkur málinu á staðreyndum þessa hins jarðneska heims.

Spekingar Austurlanda halda því fram, að við getum fundið alla byggingu tilverunnar hér í þessum hinum jarðneska heimi og ef maður lýkur athuguninum með lýsingu þeirra fyrirbrigða, sem hér finnast, þá ætti mönnum að verða ljósari skilningur þeirra á hinum hærri viðfangsefnum, sem hér verða gerð að umtalsefni.

### Önnur lífsaldan

Ég hef áður lýst því hvernig lífsöldurnar birtast hver á eftir annarri í sambandi við frumsköpunina.

Fyrsta lífsaldan streymir út frá miðdepli, sem í táknmálinu er sýndur með einum depli og mótar óskapnaðinn, hið ómótaða efni og gefur því líf. Þetta er hið fyrsta lífsmark, sem birtist í þróuninni og þó er það aðeins undirbúningur undir það, sem síðar á að verða og þessi athöfn birtist eigi í lægri heimum, því þeir eru þá í raun réttir eigi til. Þessi starfsemi fer fram í myrkri. Öll sköpun, frummyndun, frjóvgun fer fram í myrkri. Þar birtist ætíð og æfinlega þessi frumbáttur lífsins. Þar sem þessari frumathöfn er lokið er hringurinn mótaður utan um punktinn og þróunarsviðið er afmarkað. Og þá er efnið tilbúið til þess að veita annarri lífsöldunni viðtöku.

Önnur lífsaldan, Vishnu á sanskrít, Malkuth á hebresku, sonurinn í hinum kristnu fræðum, streymir síðan út frá miðdepli sviðsins og er það í táknafræðinni sýnt með þverlínu yfir hringinn.

Þá birtist hin skynhæfa tilvera, tilvera sköpunarinnar.

Það getur vel verið að til sé annars konar tilvera, sem er utan eða innan þessarar tilveru, en um það er ekki að tala nú. Um það vitum við ekkert.

Það er þessi hlið tilverunnar, sem aðallega telst gula geislanum, sem sérstaklega er um að ræða í þessu sambandi.

## Fræðararnir og störf þeirra

Undir áhrifum gula geislans eru fræðararnir og allir aðstoðarmenn þeirra, æðri og lægri. Þeir sjá um allt skólahlald, ef svo mætti segja, og gefa mönnum þekkinguna jafnóðum og þeir eru reiðubúnir til þess að veita henni viðtöku.

Eins og sérhverju ríki er skipt í ýmsar starfsgreinar, eins er störfum tilverunnar skipt á sama hátt. Ríkið hlýtur að sýna stjórnarhætti tilverunnar í öllum aðalatriðum. Það hlýtur að sanna kenninguna um að „allt sé eins fyrir ofan og neðan“. Munurinn er aðeins sá, að stjórnarrekstur tilverunnar er fullkominn, en stjórnarrekstur manna er takmörkum háður vegna ófullkomleika þeirra og skorts á nauðsynlegum vitsmunum og hæfileikum til þess að stjórna.

Sérhvert þjóðfélag skiptist í aðalatriðum í þrjá höfuðflokka og birtir á þann hátt lögmál þrenningarinnar, sem ræður tilverunni.

1. flokkurinn eru ráðendurnir, ríkisstjórar, konungar, forsetar, þeir, sem eru æðstu valdamenn ríkjanna, hvort sem þeir eru ábyrgir eða óábyrgir fyrir stjórnarathöfnunum. Þessum flokki teljast ráðherrar, sendiherrar, umboðsstjórnendur allt niður á við niður í hreppstjóra og oddvita, einnig dómara allir á hærri og lægri dómstigum.

2. flokkurinn eru fræðararnir. Er það sá flokkurinn, sem hér er aðalumtalsefnið. Allir, sem fást við kennslu og fræðslu alla, teljast þessum flokki þjóðfélagsins. Kennarar allra skóla og þeir sem fást við fræðslu í einhverri mynd, sem nær alla leið frá háskóla niður í barnaskóla, já, einnig þeir, sem kenna börnum stafrófið, teljast þessum flokki manna.

3. flokkurinn eru í rauninni allir þeir, sem áður hafa eigi verið taldir. Er það fjölmennasti flokkurinn, sem von er til, því honum fylgir allur almenningur og vinnandi stéttirnar, sem móta grunn þjóðlífsins, þeir, sem allt annað hvílir á.

## Mannkynsfræðarar

Þessi starfsgrein hinnar andlegu stjórnar veraldarinnar hefur að sjálfsögðu einn æðsta ráðanda eða ráðherra. Er hann hinn æðsti fræðari manna. Er hann í Austurlöndum nefndur embættisheitinu „Bodhisattva“, en í Vesturlöndum er það hann, sem átt er við þegar talað er um Krist. Sá meistari, sem nú hefur þetta embætti á hendi, gengur undir nafninu „Maitreya“. Hefur hann æðstu umsjón með öllum trúarbrögðum mannkyns og ráðstafar eftirliti með starfsemi þeirra. Er hann hinn réttnefndi æðsti prestur og sagt er að hann hafi tekið við því embætti af Buddha sem fyrirrennara sínum í þann mund er kristindómurinn var gefinn mannkyninu fyrir 19 öldum. Hafi það verið eitt fyrsta verk hans í því embætti.

Hann hefur því ýmsa aðstoðarmenn sér við hönd, enda er þess þörf, því vinnan er margþætt og ævinlega verða einhverjir að læra og venjast vinnubrögðunum til þess á sínum tíma að taka við starfinu, þegar embættið losnar.

Því er haldið fram, að hver mannkynsfræðari hafi umsjón með því starfi sem svarar lífi eins kynstofns og þess vegna birtist hann mönnum sjö sinnum eða í hvert sinn sem nýr kynþáttur kemur til sögunnar. Stofnar hann þá ný trúarbrögð eða endurnýjar og hreinsar þau trúarbrögð, sem fyrir eru, og gerir þau hæfari þeim tíma, sem framundan er.

Það kemur og fyrir að sendiboði frá þessari stjórnardeild birtist í þessu skyni. Því er t. d. haldið fram, að meistarinn Jesús hafi birt eftir veru sína í Gyðingalandi fyrir 19 öldum í Tibet á 14. öld sem Tsong Ka Pa og hreinsaði hann þá norður-Buddhatrúna og stofnaði Gulhettu-regluna, sem nú er ráðandi klerka- og munkastétt þar í landi.

Aðalaðstoðarmaður mannkynsfræðarans er meistarinn Koot Hoomi. Því er haldið fram, að hann sé meðal annars að búa sig undir að verða eftirmaður mannkynsfræðarans, sem nú er, til þess að veita forstöðu því embætti í sambandi við hina sjöttu miklu menningu, sem tekur við af Aríunum eftir 6 - 7 aldir.

Í hinum ytri heimi hafa við og við birst sendiboðar frá þessari fræðsludeild hinnar andlegu stjórnar veraldar. Á meðal þeirra má nefna Rishiana, sem birtust á Indlandi endur fyrir löngu, Shri Krishna, Zarapústra í Persíu, Hermes á Egyptalandi, Orfevs í Grikklandi, Buddha á Indlandi og Jesús í Gyðingalandi.

Hindúarnir munu vera elzti kynþáttur Aríanna og hafa Rishiarnir og Shri Krishna sennilega verið leiðtogar þeirra í andlegum efnum. Kirkja Hindúa er mjög markverð stofnun. Er hún að öllu leyti jafnvíg kirkjum Vesturlanda. Hefur hún hliðstæða helgisiði og veitir sakramenti. Hefur hún því hliðstætt hlutverk við kristnu kirkjuna.

Hermes var í Egyptalandi og fylgdi öðrum kynþætti Aríanna. Hefur hann að líkindum lagt grundvöllinn að Osiris-Isis-launhelgunum. Er sú menning mjög markverð, sem þar var byggð upp og haldið var við um aldir. Hefur að líkindum verið náið samband á milli þeirra og Kaldeanna, sem bjuggu fyrir austan þá.

Zarapústrarnir voru í Persíu og fylgdu þeir þriðja kynþættinum. Fluttu þeir mönnum trúarbrögð hreinleikans og gáfu heiminum eldsdýrkunina. Það er oft talað um að þar hafi verið aðeins einn Zarapústra, en þeir voru fleiri en einn og koma hver eftir annan á ákveðnu tímabili. Sóldýrkunin er að líkindum af sama uppruna.

Orfevs kom til Forn-Grikkjanna, fjórða kynþáttarins, og gaf þeim trúarbrögð fegurðarinnar og það gerði hann með hljómlistinni. Keltarnir eru frægir fyrir listhneigð sína og listasmekk og túlka mönnum tilveruna og hið æðra eilífa líf með áhrifum tónanna. Það má einnig nota þá sem predikunaraðferð. (Þetta birtist hér í landi nú á tímum á þann hátt, að kirkjan íslenska leggur meiri áherzlu á söng í kirkjum en nokkru sinni áður og stofnar söngfélög í söfnuðunum. Þetta hefur miklu meiri áhrif á andlega viðleitni og betrun fólksins en menn halda. Og í hljómlistinni er hið andlega líf predikað kreddu- og umbúðalaust).

Pegar hér var komið sögu, varð mikil breyting á hinu andlega lífi mannkyns og málflytningi fræðendanna. Þá birtist Buddha á Indlandi og lýkur mannkynsfræðaraþjónustu sinni.

Frá honum er Buddhatrúin komin og hefur hún haft veruleg áhrif á trúarbrögð þau, sem síðan voru gefin mannkyninu.

Pegar Buddha lýkur starfi sínu sem mannkynsfræðari, nær hann því stigi á hinni hærri þroskaleið, sem nefnist Buddha-stigið og verður Buddha vizkunnar. Hann skilur að því búnu við stöðug afskipti af mönnum, en birtist þó að minnsta kosti einu sinni á ári til þess að veita

mannkyni blessun sína. Er hann farvegur fyrir alveruöfl, sem enginn annar hér er farvegur fyrir.

Er Buddha hafði lokið við starf sitt hér, veitti meistarinn Maitreya embætti hans viðtöku. Hið fyrsta verk hans, að sagt er, var að gefa mannkyninu kristnu trúna. Gerði hann það með aðstoð lærisveinsins Jesús á Gyðingalandi fyrir 19 öldum.

Kristindómurinn birtist í sambandi við fimmta kynþátt Arianna, Teftónana eða norræna kynþáttinn, sem sumir nefna hann. Er hans sérstaka hlutverk að þroska hið hugræna líf mjög ákveðið, vegna þess að höfuðverkefni Arianna er einmitt þróun huglífsins, og þá hlýtur sú hlið að fá aukinn þrótt, þegar komið er fram í fimmta kynþáttinn, sem á að hafa sams konar verkefni með höndum.

Það mætti því virðast eðlilegt, að afleiðing þessa yrði efling sjálfstæðis einstaklinganna, enda leggur kristindómurinn í raun réttir mikla áherzlu á rétt einstaklinganna, einstaklingshvötina. Það fylgir óhjákvæmilega í far aukins hugsanalífs og vikkun þess, sem hlaut að verða einkenni þróunar þeirrar, sem Teftónarnir eiga að þroska með sér til fullnustu.

Jafnhliða hinna almennu fræðslu, sem rekin hefur verið af þjónum hinna ýmsu trúarbragða, hefur ætíð verið á bak við leynd starfsemi, sem þeir fengu aðgöngu að, sem álitnir voru færari um að veita viðtöku meiri og dýpri fræðslu um tilveruna og starfsemi hennar, en almennt gerist. Urðu þeir að standast ákveðin próf og reynslu til þess að fá aðgöngu. Starfsemi þessi hefur átt sér stað undir hinu almenna nafni launhelgar. Voru þessar launhelgar með ýmsum hætti eftir tímabili því, er um var að ræða og ytri meningaraðstæðum. Hafa þær verið til sem aðallaunhelgar og undirbúnings- eða minni launhelgar. Í skólum þessum var nemandanum veitt undirbúningsfræðsla um hina innri og æðri tilveru, líf hennar og starfsemi, og þeim kenndar aðferðir til þess að persónulegri leið að sannfærast um tilvist þessarar innri tilveru með sérstökum æfingum, svo að þeir skynjuðu að lokum hinar hærri veraldir og voru loks tækir í hinar reglulegu launhelgar, sem aldrei hafa verið til hér í heimi. Þeim opnaðist leið til þess að sannfærast um það með persónulegri þekkingu og reynslu, sem almenningi er einungis trú, en er bláber veruleiki.

Þessi dulda starfsemi hefur ætíð verið til á bak við hin meiri háttar trúarbrögð og er til enn í dag.

Sú hlið þessarar starfsemi, sem lýtur að fræðslunni, telst því þeirri þroskaleið, sem hér er um að ræða, gula geislanum.

Eins og áður er vikið að, teljast allir almennir skólar og kennslustofnanir allar þessari stjórnardeild hinnar andlegu stjórnar veraldar og er því ein grein af starfsemi gula geislans og birting hans hér í heimi.

---

Erum við þá komin til nútíðarinnar.

Næsta skrefið í þróuninni er, að sjötti kynþáttur Arianna er að stíga inn á sjónarsviðið. Er hann að gera vart við sig sérstaklega í vestanverðum Bandaríkjunum, Ástralíu og Nýja Sjálandi. Hann hefur einnig gert vart við sig hér í landi. Hlutverk hans er að þroska innsæið eða

vitund þá, sem birtist í innsæisheimi eða skynja þá heima. En hlutverk Aríanna er að þroska og temja hið hugræna líf, til þess að það verði farvegur innsæisins og birtist það því við þessi sameiginlegu áhrif sem hugrænt innsæi.

Er þetta nauðsynleg undirbygging undir hina miklu sjöttu menningu, sem tekur við af Ariunum og á að þroska innsæið til fullnustu.

Það ræður að líkum, að nýr fræðari birtist í sambandi við sjötta kynþáttinn, og stofnar hann ný trúarbrögð eða birtir nýja hlið á hinum eldri trúarbrögðum -endurnýjar þau. Hinn mikli æðsti prestur veraldar mun á sínum tíma taka ákvörðun um það mál. Þegar alveruaðstæðurnar gefa ákveðið tilefni til þess mun það koma í ljós.

**Jón Árnason, prentari.**